




### Varðar: Gerðhamrar 40, (fsp) stækkun lóðar

Skoðuð er fyrirspurn Ólafs Reynis Guðmundssonar, dags. 18. mars 2023, um hvort heimild fáiast til að stækka lóð nr. 40 við Gerðhamra.


Lóðarhafi segir umhirðu borgarlands utan við lóð sína takmarkaða, einugis sé slegið gras tvisvar á sumri, auk þess sem úrgangur sem festist í runnum á svæðinu sé ekki hirtur. Lóðarhafi segir nokkuð um að íbúar hafi fært lóðamörk sín út á borgarland og fegrað það með gróðursetningu og umhirðu. Lóðarhafi getur ekki staðfest að viðkomandi lóðarhafar hafi sótt um leyfi til þess en óskar sjálfur eftir lóðastækkun til að hirða og fegra þetta svæði.



Tillaga lóðarhafa að stækkun lóðar nr. 40



Mynd af svæði sem fyrirspurn varðar



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti gildandi deiliskipulags fyrir Teigagerðisreit

### Skipulagsleg staða:

Lóðin er á íbúðarsvæði (ÍB48) samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Í gildi er deiliskipulag fyrir Hamrahverfi, samþykkt 16.04.1985, með síðari breytingum.

### Umsögn:

Umrætt svæði er hluti af almenningssvæði meðfram strandlengju Grafarvogs með áningarstað og aðliggjandi göngustígum. Ekki er hægt að fallast á stækkun lóðar þar sem það myndi þrengja að umræddu almenningssvæði og jafnframt skerða útsýni húss nr. 32 við Gerðhamra.



**Niðurstaða:**

Ekki er hægt að verða við ósk um stækkun lóðar.

**F.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík**

Sigríður Maack, arkitekt og verkefnisstjóri.